

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða gestarjettardómi skal óraskað, þó þannig, að aðaláfrýjandinn, Árni Gíslason, borgi enn fremur 5 kr. til fátækra sjóðs. — Málskostnað fyrir yfirdómi greiði aðaláfrýjandinn til hins stefnda kaupmanns G. Thorgrímsens, með 40 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 26. maímán.

Nr. 16/1884.

Valdimar Ásmundsson
gegn
Gesti Pálsyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeradi af Valdimar Ásmundssyni gegn ritstjóra Gesti Pálssyni út af ummælum, sem stóðu í 21. tölublaði Suðra bls. 82, og sem Valdimar Ásmundssyni þótti meidandi fyrir sig. En með dómi, kveðnum upp á bæjarþingi Reykjavíkur 7. febrúarmán. þ. á., var Gestur Pálsson dæmdur sýkn af kær-
um og kröfum stefnandans, og málskostnaður látinn falla niður. Orðið „eiturtungumeiðyrði“, er sækjandi hafði við haft í sókn sinni um hinn stefnda, var dæmt dautt og ómerkt.

Þessum dómi hefur Valdimar Ásmundsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 26. marz þ. á., og krafizt, að hinn stefndi, Gestur ritstjóri Pálsson, verði dæmdur fyrir ærumeiðandi ummæli í blaðinu Suðra til einfalds fangelsis eða fjársekta, að hin

átöldu meiðyrði verði dæmd dauð og ómerk, og að hann enn fremur verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir báðum rjettum með 45 kr. eða annari hæfilegri upphæð.

Orð þau í nefndri blaðagrein, sem áfrýjandi hefur einkum átalid sem meiðandi fyrir sig, eru þessi orð: „flækingsgrei“ og að hann „læðist“. En hinn stefndi telur þessi orð með öllu meinlaus og ómeiðandi, og hefur því krafizt, að undirrjettardómurinn verði staðfestur, og mótparturinn dæmdur til sekta fyrir ósæmilegan rithátt, og áfrýjanda gjört að greiða honum málskostnað bæði fyrir undir- og yfir-dómi með 30 kr. eða annari hæfilegri upphæð.

Yfirdómurinn verður að líta svo á, að þótt hin áður greindu átöldu ummæli ekki verði skoðuð sem regluleg meiðyrði, er sjeu saknæm eptir 217. og 218. gr. hegningarlaganna, þá verði þó eptir eðlilegri og venjulegri þýðingu þeirra að álíta þau sumpart óvirðandi, sumpart móðgandi, og ber því samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, að dæma hinn stefnda í sekt til landssjóðs, er eptir atvikum þykir hæfilega metin 20 kr.; en greiði hann ekki sektina í ákvedinn tíma, skal hann sæta einföldu fangelsi í 6 daga; svo skulu og ofangreind ummæli dæmd dauð og marklaus. Um ómerking orðsins: „eiturtungumeiðyrði“ skal bæjarþingsdómnum óraskað. Málskostnað fyrir báðum rjettum virðist hinn stefndi eiga að greiða áfrýjandanum, og þykir hann hæfilega metinn 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Gestur ritstjóri Pálsson, á að

greiða 20 kr. í sekt til landssjóðs eða sæta einföldu fangelsi í 6 daga, sje sektin eigi greidd í ákveðinn tíma. Hin ofangreindu ummæli skulu dauð og ómerk. Í málskostnað fyrir báðum rjettum greiði hann áfrýjanda, Valdimar Ásmundssyni, 15 krónur. Um ómerking orðsins: „eiturtungumeiðyrði“ skal bæjarþingsdómnum óraskað.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Nr. 17/1884.

Þorsteinn Guðmundsson.

gegn

Magnúsi Ólafssyni.

D ó m u r:

Þar eð maður sá, sem mætti af hendi áfrýjanda þessa máls fyrir landsyfirdóminum eptir löggildingu landshöfðingja, ekki hefur fært neina sönnun fyrir því, að málsaðili hafi veitt honum umboð sitt til að fara með málið af sinni hendi fyrir landsyfirdóminum, en löggilding landshöfðingjans ekki hefur neitt sönnunargildi um það atriði, þá ber eptir kröfu hins stefnda að vísa máli þessu frá yfirdóminum.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.